


Dagskrá vetrarins 2014-2015

Opið hús verður haldið 2. laugardag í hverjum mánuði kl. 10:00-12:00
Staðsetning verður auglýst á heimasíðu FÁT, <http://www.treskurdur.muna.is>
Vinnustund verður haldin síðasta fimmtudag í hverjum mánuði kl. 20:00-22:00
Vinnustund verður haldin að Hólshrauni 5 eins og verið hefur. (hjá Sigurjóni)

11. október – opið hús	30. október - vinnustund
8. nóvember – opið hús	27. nóvember - vinnustund
desember – frí	desember - frí
10. janúar opið hús	29. janúar - vinnustund
14. febrúar – aðalfundur	26. febrúar - vinnustund
14. mars – opið hús	26. mars - vinnustund
11. apríl – vorsýning	apríl – frí

Dagsskráin getur breyst en þá verður sett tilkynning á heimasíðu FÁT
Allar ábendingar um kynningu á efni fyrir opið hús eru vel þegnar.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: stefan1976@simnet.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
2. tbl. 19. árgangur 2014

Frá formanni

Sæl öll kannski rétt að byrja á því að kynna mig, ég heiti Stefán Haukur Erlingsson, og tek við góðu búi fráfarandi formanns, ég var einn af stofnendum félagsins á sínum tíma og gaman að sjá félagið dafna í gegnum árin, sjálfur hef ég fengið við tréskurð í 28 ár og finnst mér þetta félag nauðsynlegt til að halda utan um greinina og viðburði tengda tréskurði.

Vil ég byrja á því að þakka Sigurjóni fyrir frábær störf, hann hefur haldið utan um félagið síðasliðin 8 ár, og gert góða og marga hluti fyrir félagið og á skilið ansi stórt hrós fyrir hans frábæru störf.

Þetta sumar er búið að líða ansi hratt og komið haust enn á ný, þó manni fynnist sumarið vera rétt að byrja og komin tími til að dusta rykið af tréskurðarjárnnum að minnsta kosti hjá sumum okkar. Ný stjórn er tekin við og í henni sitja Stefán Haukur Erlingsson formaður, Karen Huld Gunnarsdóttir gjaldkeri, Donald Ingólfsson ritari, Anna Lilja Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson meðstjórnendur, munum við að sjálfsögðu gera okkar besta svo félagið dafni áfram. Það er ýmislegt á döfinni, opna húsið verður á sínum stað sem og vinnustund, mun Sigurjón vera með vinnustund síðasta fimmtudag í mánuði, póstar verða sendir til félagsmanna tímanlega fyrir viðburði sem þessa, varðandi tíma og staðsetningu. Stefnt er að því að halda aðalfund 14. februar og vorsýningin okkar verður haldin að óbreyttu 11 apríl.

Vorsýningin var glæsileg að vanda mörg mjög falleg og glæsileg verk og heiðurssýnandi engin önnur en Sigríður Jóna Kristjánsdóttir eða öðru nafni Sigga á Grund og verður nánar fjallað um Siggu hér á eftir.



Svona til gamans langar mig að rifja upp hvernig félagið okkar varð til. Það var fyrir allnokkrum árum að ég og fleiri góðir menn héldum fund í skúrnum hjá Hannesi Flosasyni heitnum, ræddum við um markaðsetningu á tréskurði því á þeim tímapunkti virtist greinin vera í mikilli lægð, en sem betur fer hefur það breyst mikið en það var á þeim fundi sem ég minntist á að gaman væri að stofna félag í kringum greinina og var misvel tekið í það, en einn maður hafði þó verið að hugsa það sama og tók vel í hugmyndina, heitir sá eðal náungi Jón Adolf Steinólfsson, og nokkrum vikum seinna hafði Jón samband við mig og fleiri góða menn héldum við nokkra fundi og ákváðum stofnfund sem var þéttsetinn, þakka vil ég sérstaklega Jóni fyrir hans frumkvæði að stofnun Félags áhugamanna um tréskurð.

Að lokum vil ég bera öllum mínar bestu kveðjur og óska öllum velgengni í lystsköpun sinni, hægt er að senda mér póst í stefan1976@simnet.is og allar ábendingar vel þegnar til að gera okkar frábæra félag enn betra.

Kveðja Stefán Haukur Erlingsson.

Aðalfundur 2014

Stutt ágrip síðasta aðalfundar sem var haldinn 15.febrúar 2014 í húsæði Heimilisiðnaðarfélagsins að Nethyl. Sigurjón Gunnarsson þáverandi formaður setti fundinn kl. 10:05, Friðgeir Guðmundsson var fundarstjóri, Páll S. Elíasson var fundarritari. Páll las upp fundargerð síðasta aðalfundar sem var samþykkt án athugasemda. Sigurjón formaður flutti skýrslu stjórnar og komu fram í henni upplýsingar um viðburði á vegum FÁT á síðasta ári. Björn Bergsson fór nokkrum orðum um fjárhagsstöðuna. Kom fram í máli hans að hún væri góð. Umræða um reikninga og þeir samþykktir samhljóða. Talsverð umskipti urðu á stjórn FÁT. Formaðurinn Sigurjón Gunnarsson baðst undan endurkjöri, en gefur kost á áframhaldi stjórnarsetu. Björn Bergsson og Páll S. Elíasson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Í stjórn voru þá kosin:

Stefán Haukur Erlingsson, formaður
Karen Huld Gunnarsdóttir, gjaldkeri
Donald Ingólfsson, ritari
Anna Lilja Jónsdóttir, meðstjórnandi
Sigurjón Gunnarsson, meðstjórnandi
Skoðunarmenn reikninga:

Friðgeir Guðmundsson og Theodór Þorvaldsson



Sigga á Grund

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir hefur ætíð verið kölluð Sigga á Grund og kann hún ákaflega vel við nafnið en verkin hennar eru alltaf merkt með SJK. Sigga byrjaði korn ung að teikna og var ekki nema 4 til 5 ára þegar hún fékk hnif í hendurnar til að tálga spýtu, og vildi hún helst vera inni í smíðahúsi hjá föður sínum og bróðir og voru þeir báðir miklir snillingar í allskyns smíðum og var faðir hennar þjófþekktur smiður að sögn Siggu er það helst til of löng saga að rifja það upp hér kannski grein í annað brýni. Sigga var aðeins 12 ára þegar hún byrjaði að vinna fyrir aðra og taka við pöntunum og hefur það staðið fram á þennan dag. Sigga á nokkur verk sjálf og hefur nú lokið við þrjár stytur af fimm af hestum en þessi vinna er afskaplega tímafrek og hlakkar hana mikið til þegar hún hefur lokið við alla fimm hestanna, allir hestarnir eru stórkostlegir og get ég sjálfur vart beðið eftir að sjá hina tvo. Sigga hefur verið dugleg að sýna verkin sín og alltaf gaman að koma á sýningar hjá henni og spjalla við Siggu sem er alltaf eldhress. Sigga var með sýningu í gangi í Skriðuklaustri þegar félagið bauð henni að vera heiðurssýnanda þetta árið og þakkar Sigga sérstaklega fyrir þann heiður sem henni er sýndur, Siggu hefur hlotnast ýmsar viðurkenningar í gegnum árin þar á meðal var henni veittur Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1. Janúar 2010, sem hún er afar þakklát fyrir. Fimmtug dreif Sigga sig í skóla til Englands í City og Guild og Lond art school að því loknu vann Sigga á nokkrum verkstæðum og var gaman að kynnast þessu erlendis, einnig hefur Sigga farið á námskeið hjá heimsþekktum útskurðarmeisturum sem var frábært. Sigga segist vera skelfileg dellukerling og fær alskyns hugmyndir sem hún verður að koma í framkvæmd ein af þeim er hestadellan en hana hefur Sigga heldur betur nýtt í útskurðinum, sem og lafin á trjánum þegar þau byrja að fjúka af safnar Sigga þeim og notar sem fyrirmynd. Sigga elskar bæði menn og dýr og dásamlegu sveitina sýna og hlakkar til næsta dags. Með þessum orðum kveðjum við Siggu að sinni og þökkum kærlega fyrir okkur.

